

143. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
16. 5. 2023 kl. 14:00 – 15:30

Fundur settur kl. 14:00

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sindri Örn Elvarsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Lind Völundardóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Bjarni Guðmundsson mætti til fundar sem fulltrúi SASS.

Fjarverandi: Gunnar Þór Jóhannesson og Kristján Sigurður Guðnason.

Endurnýjun samstarfssamnings milli SASS og NP

Steinunn Hödd formaður fór yfir helstu spurningar stjórnar varðandi samningsdrögin sem voru til umfjöllunar á fundi þann 3. maí. Öllum megin spurningum var svarað af hálfu SASS og farið yfir smávægilegar breytingar sem verða gerðar á drögum. Fulltrúi SASS mun senda uppfærð drög til forstöðumanns sem taka mið af umræðu fundarins. Stjórn felur forstöðumanni að ljúka við endurnýjun samnings og útfæra nánar hvernig verður unnið að samningnum í starfi setursins.

Fundi slitið 15:10

Steinunn H. Hödd
Hugrún Harpa Reynis.